

Fimmtudaginn 30. apríl 1998.

Nr. 227/1997.

Jón Einar Jakobsson

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.) **og**

Helga Gudrun Jakobsson

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Búnaðarbanka Íslands hf.

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Tryggingarbréf. Veðsetning. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnum 23. og 26. maí 1997 og krefjast þess aðallega, að málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsuppkvaðningar að nýju. Til vara krefjast þau þess að verða sýknuð af öllum kröfum stefnda, en til þrautavara, að dómkröfur stefnda verði lækkaðar verulega. Í öllum tilvikum krefjast þau málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Hinn 1. janúar 1998 tók Búnaðarbanki Íslands hf. við rekstri og starfsemi Búnaðarbanka Íslands samkvæmt lögum nr. 50/1997 um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

I.

Framsetning á kröfum stefnda í héraðsstefnu er ekki sem skyldi og ekki að öllu í samræmi við fram lögð gögn. Þetta þykir þó ekki hafa komið að sök, enda voru gögnin ljós og veittu nægan grundvöll til, að málið yrði dæmt að efni. Áfrýjendur féllu undir rekstri málsins í héraði frá frávísunarkröfum, sem þau höfðu uppi í greinargerðum sínum. Þykja ekki næg efni til að vísa málinu frá héraðsdómi án kröfu.

Aðalkrafa áfrýjenda um heimvísun málsins er einkum studd því, að í dómsorði héraðsdóms sé stefnda veittur dómur um allt aðrar

kröfur en hann hafi sjálfur gert í málinu. Þá sé í dómsorðinu veitt viðurkenning á veðrétti stefnda fyrir miklu hærri fjárhæð en nemur samanlögðum fjárhæðum þeirra tryggingarbréfa, sem byggt er á í málinu, og án þess að greina, hversu há fjárhæð hvíli á hvorri eign.

Fallist er á það með áfrýjendum, að orðalag í dómsorði hins áfrýjanda dóms sé ekki ótvírætt, einkum að því er varðar fjárhæðir þeirra veðréttinda, sem viðurkennd eru í dóminum. Í málflutningi lögmanns stefnda fyrir Hæstarétti kom fram sá skilningur, að í greinilegri tilvísun til einstakra tryggingarbréfa í dómsorðinu fælist, að hinn viðurkenndi veðréttur væri takmarkaður við fjárhæð hvers bréfs. Að þessu athuguðu og með hliðsjón af því, að héraðsdómari hefur tekið rökstudda afstöðu til þeirra málsástæðna, sem áfrýjendur reisa málalítilbúnað sinn á, þykir ofangreindur annmarki ekki eiga að leiða til ómerkingar héraðsdóms og heimvísunar hans.

II.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, lýtur ágreiningur aðila málsins að því, hvort viðaukar þeir, er ritaðir voru 30. janúar 1987 á þau fjögur tryggingarbréf, sem vísað er til af hálfu stefnda, veiti veðrétt í þar veðsettum eignum, og ef svo er, fyrir hvaða fjárhæðum. Einnig er um það deilt, hvort krafa á hendur Norræna útflutningsfélaginu – Norrex hf. verði byggð á þeim víxli, sem liggur til grundvallar kröfu stefnda í málinu og dæmt var um í Héraðsdómi Reykjavíkur 28. febrúar 1994.

Áfrýjandinn Jón Einar hafði gefið út umrædd tryggingarbréf til stefnda 12. september 1984, 12. febrúar 1985 og 1. júlí 1985. Fyrsta bréfið var gefið út í nafni Bústofns, einkafyrirtækis áfrýjandans Jóns Einars, en síðastnefnda bréfið var gefið út í eigin nafni hans og Bústofns. Með bréfunum voru stefnda veðsettar eignirnar Hegranes 35 og Haukanes 22, báðar í Garðabæ, til tryggingar víxilskuldum og öðrum skuldum og skuldbindingum, í hvaða formi sem væri, er áfrýjandinn Jón Einar eða Bústofn skuldaði eða kynni að skulda að tilteknum fjárhæðum. Hegranes 35 er þinglýst eign áfrýjandans Helgu Gudrun, og áritaði hún þau bréf, þar sem sú eign er veðsett, sem þinglýstur eigandi. Áfrýjandinn Jón Einar er þinglýstur eigandi Haukaness 22. Í viðaukunum 30. janúar 1987 fólust yfirlýsingar um, að bréfin væru einnig til tryggingar skuldum Norræna útflutnings-

félagsins – Norrex hf., en að öll ákvæði bréfanna að öðru leyti stæðu óbreytt. Áfrýjendur undirrituðu þá fyrir hönd hlutafélagsins, en þau voru þar bæði stjórnarmenn og áttu saman 97% hlutafjárins. Orðalag viðaukanna ber ótvírætt með sér, að þær tryggingar, sem áfrýjendur höfðu áður með undirskriftum sínum á tryggingarbréfin veitt stefnda í hinum tilgreindu eignum vegna skuldbindinga áfrýjandans Jóns Einarsson og Bústofns, skyldu einnig ná til skuldbindinga hlutafélagsins. Áfrýjendur voru aðaleigendur þess, áfrýjandinn Jón Einar stjórnarformaður og framkvæmdastjóri og áfrýjandinn Helga Gudrun stjórnarmaður, en jafnframt því voru þau þinglýstir eigendur þeirra eigna, sem veðsettar voru samkvæmt tryggingarbréfunum. Af gögnum málsins verður og að telja ljóst, að til viðaukanna var stofnað vegna viðskipta, sem áfrýjandinn Jón Einar stóð að. Þegar til þessa er litið svo og atvika að umræddum gerningum, sem rakin eru í héraðsdómi, verður fallist á þá niðurstöðu hans, að líta verði á undirritun viðaukanna sem gildar veðsetningar af hálfu áfrýjenda.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms er og staðfest niðurstaða hans um, að hafna beri þeirri málsástæðu áfrýjenda, að umræddar tryggingar nái aðeins til skulda Norræna útflutningsfélagsins – Norrex hf., sem stofnað hafði verið til 30. janúar 1987. Þá verður einnig fallist á þá úrlausn hans, að tryggingin nái til skuldbindingar, sem félagið stofnaði til gagnvart BNE Swedbank í Lúxemborg í febrúar 1991.

III.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða málsins, að viðurkennt verður, að skuld Norræna útflutningsfélagsins – Norrex hf. við stefnda samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 28. febrúar 1994, að höfuðstól 28.666.751,50 krónur, auk dráttarvaxta og málskostnaðar samkvæmt dóminum, sé tryggð með veðrétti samkvæmt fyrrgreindum fjórum tryggingarbréfum, svo langt sem þau ná, eins og nánar verður tilgreint í dómsorði. Líta verður svo á, að í ákvæðum tryggingarbréfa 12. september 1984 og 1. júlí 1985 felist, að miða skuli við gengi SDR og kanadískra dollara á greiðsludegi.

Staðfest er málskostnaðarákvæði héraðsdóms. Eftir þessum úr-

slitum verður áfrýjendum hins vegar gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og segir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Viðurkennt er, að skuld Norræna útflutningsfélagsins – Norrex hf. við stefnda, Búnaðarbanka Íslands hf., samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 28. febrúar 1994, að höfuðstól 28.666.751,50 krónur, auk dráttarvaxta og málskostnaðar samkvæmt þeim dómi, sé tryggt með veðrétti samkvæmt eftirgreindum tryggingarbréfum, svo langt sem þau ná, þannig:

Tryggingarbréfi 12. september 1984 með þinglýsingarnúmeri 11715/84 með veðrétti í eign áfrýjandans Helgu Gudrun Jakobsson, Hegranesi 35, Garðabæ, fyrir allt að 25.000 SDR einingum, auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Tryggingarbréfi 12. febrúar 1985 með þinglýsingarnúmeri 3730/85 með veðrétti í eign áfrýjandans Jóns Einars Jakobssonar, Haukanesi 22, Garðabæ, fyrir allt að 1.000.000 krónum, auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Tryggingarbréfi 12. febrúar 1985 með þinglýsingarnúmeri 3731/85 með veðrétti í eign áfrýjandans Helgu Gudrun, Hegranesi 35, Garðabæ, fyrir allt að 3.000.000 krónum, auk dráttarvaxta og kostnaðar.

Tryggingarbréfi 1. júlí 1985 með þinglýsingarnúmeri 8726/85 með veðrétti í eignum áfrýjenda, Hegranesi 35 og Haukanesi 22, Garðabæ, fyrir allt að 150.000 kanadískum dollurum, auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Áfrýjendur greiði stefnda óskipt 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i Guðrúnar Erlendsdóttur

Dómkröfur stefnda í héraðsdómsstefnu voru þær, að viðurkennt yrði með aðfararhæfum dómi, að hann ætti veðrétt í fasteign áfrýjandans Jóns Einars, Haukanesi 22 í Garðabæ, og fasteign áfrýjandans Helgu Gudrun, Hegranesi 35 í Garðabæ. Byggðust kröfurnar á fjórum tryggingarbréfum, að fjárhæð 25.000 SDR einingar, 1.000.000 krónur, 3.000.000 krónur og 150.000 kanadískir dollarar. Í tveimur bréfanna hafði verið veittur veðréttur í Hegranesi 35, í einu í Haukanesi 22 og í einu í báðum fasteignunum. Að því er síðastnefnda bréfið varðaði, krafðist stefndi aðskilinnar viðurkenningar á veðrétti í fasteignunum og í hvoru tilviki fyrir allri fjárhæð bréfsins, þannig, að krafist var viðurkenningar á veðrétti fyrir tvöfaldri þeirri fjárhæð, sem tryggingarbréfið hljóðaði um. Var þessi kröfugerð í engu samræmi við fram lögð gögn. Ég tel, að hér sé um svo mikla annmarka á kröfugerð að ræða, að óhjákvæmilegt sé að vísa málinu frá héraðsdómi ex officio. Með því að meiri hluti dómenda hefur komist að annarri niðurstöðu, ber mér, sbr. 2. mgr. 165. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að greiða atkvæði um efni máls.

Framangreind tryggingarbréf gaf áfrýjandinn Jón Einar út til stefnda 12. september 1984, 12. febrúar 1985 og 1. júlí 1985 til tryggingar skuldum sínum og einkafyrirtækis síns, Bústofns, að tilteknum fjárhæðum. Hinn 30. janúar 1987 voru undirritaðir viðaukar á tryggingarbréfin, þess efnis, að bréfin væru einnig til tryggingar skuldum Norrex hf. Áfrýjendur undirrituðu viðaukana fyrir hönd hlutafélagsins, en ekki persónulega, svo sem nauðsyn bar til, þar sem þau voru eigendur hinna veðsettu fasteigna. Áfrýjendur báru fyrir dómi, að til hefði staðið, að Norrex hf. eignaðist þessar fasteignir og tilgangurinn með viðaukunum hefði verið að stofna til veðréttar til tryggingar skuldum félagsins, eftir að þær væru komnar í þess eigu. Til þess kom ekki, og varð Norrex hf. aldrei eigandi fasteignanna. Gögn málsins bera með sér, að starfsmenn stefnda hafi ekki litið svo á, að tryggingarbréfin næðu yfir skuldir Norrex hf., og í kröfuhlýsingu stefnda í þrotabú Norrex hf. er kröfunni lýst sem almennri kröfu í þrotabúið og ekki tekið fram, að hún njóti veðréttar. Stefndi

samdi viðaukana og gekk frá þeim á tryggingarbréfin. Gera verður ríkar kröfur til bankastofnana um frágang á slíkum skjölum. Við veðsetningar á fasteignum er það skilyrði, að til þeirra sé stofnað af þinglýstum eiganda hinnar veðsettu fasteignar. Ég tel því, að með framangreindum viðaukum á tryggingarbréfin hafi ekki verið stofnað til gildrar veðsetningar til tryggingar skuldum Norrex hf. við stefnda, og beri því að sýkna áfrýjendur af kröfum stefnda og dæma þeim málskostnað úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 27. febrúar 1997.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. þessa mánaðar, var höfðað með þingfestingu þess 28. febrúar 1995.

Stefnandi er Búnaðarbanki Íslands, aðalbanki, kt. 490169-1219, Austurstræti 5, Reykjavík.

Stefndu eru Jón Einar Jakobsson, kt. 161237-6559, Hegranesi 35, Garðabæ, og Helga Gudrun Jakobsson, kt. 150441-6769, Hegranesi 35, Garðabæ.

Dómkröfur stefnanda.

Þess er krafist, að viðurkennt verði með aðfararhæfum dómi, að stefnandi eigi upphaflega 7. veðrétt og uppfærslurétt í allri fasteigninni Hegranesi 35, Garðabæ, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum og öllu öðru, sem eign þeirri fylgir og fylgja ber, að höfuðstólsfjárhæð SDR 25.000,00 (sérstök dráttarréttindi), auk dráttarvaxta og alls kostnaðar.

Pá er þess krafist, að viðurkennt verði með aðfararhæfum dómi, að stefnandi eigi upphaflega 2. veðrétt og uppfærslurétt í allri fasteigninni Haukanesi 22, Garðabæ, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum og öllu öðru, sem eign þeirri fylgir og fylgja ber, að höfuðstólsfjárhæð 1.000.000 kr., auk dráttarvaxta og alls kostnaðar.

Pá er þess enn krafist, að viðurkennt verði með aðfararhæfum dómi, að stefnandi eigi upphaflega 8. veðrétt og uppfærslurétt í allri fasteigninni Hegranesi 35, Garðabæ, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum og öllu öðru, sem eign þeirri fylgir og fylgja ber, að höfuðstólsfjárhæð 3.000.000 kr., auk dráttarvaxta og alls kostnaðar.

Enn fremur er þess krafist, að viðurkennt verði með aðfararhæfum dómi, að stefnandi eigi upphaflega 9. veðrétt og uppfærslurétt í allri fasteigninni Hegranesi 35, Garðabæ, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum og öllu öðru, sem eign þeirri fylgir og fylgja ber, að höfuðstólsfjárhæð CAD 150.000,00 (kanadadollarar), auk vaxta og alls kostnaðar.

Í fimmta lagi er þess krafist, að viðurkennt verði með aðfararhæfum

dómi, að stefnandi eigi upphaflega 3. veðrétt og uppfærslurétt í allri fasteigninni Haukanesi 22, Garðabæ, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum og öllu öðru, sem eign þeirri fylgir og fylgja ber, að höfuðstólsfjárhæð CAD 150.000 (kanadadollarar), auk vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar.

Næst er þess krafist, að viðurkennt verði með aðfararhæfum dómi, að ofangreindir veðréttir stefnanda standi til tryggingar kröfu stefnanda á hendur Norræna útflutningsfélaginu hf., kt. 670385-0949, Aðalstræti 6, Reykjavík, að fjárhæð 28.666.751,50 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af þeirri fjárhæð frá 25. 6. 1992 til greiðsludags auk dráttarvaxta, sem leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, fyrst 25. 6. 1993, auk dæmds málskostnaðar, 286.000 kr., auk hæstu lögleyfðra dráttarvaxta af málskostnaðarfjárhæð frá 15. 3. 1994.

Jafnframt er krafist greiðslu málskostnaðar að mati réttarins, og beri málskostnaðarfjárhæð dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Endanlegar dómkröfur stefnda, Jóns Einars Jakobssonar.

1) Aðallega, að hann verði sýknaður af aðalkröfu (fyrstu kröfu) stefnanda.

2) Enn fremur, að hann verði sýknaður af öllum öðrum kröfum stefnanda.

3) Til vara, að dómkröfur verði lækkaðar verulega.

4) Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Endanlegar dómkröfur stefndu, Helgu Gudrun Jakobsson.

1) Að stefnda verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda, þar með kröfu um staðfestingu veðréttar.

2) Til vara, að dómkröfur verði lækkaðar verulega.

3) Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefndu málskostnað skv. mati dómsins ásamt virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.

Stefndu kröfðust þess upphaflega sem aðalkröfu, að málinu yrði vísað frá dómi, en frá þeirri kröfu hafa þau fallið.

Dómari reyndi sættir með aðilum, en án árangurs.

II.

Stefndi, Jón Einar Jakobsson, átti um árabíl viðskipti við stefnanda, bæði persónulega og vegna einkafirma síns, Bústofns. Síðar hófu einnig viðskipti við stefnanda hlutafélagin Bústofn og Norræna útflutningsfélagið – Norrex, sem stefndi, Jón Einar, var hluthafi í og í forsvari fyrir. Viðskiptin fólust

m. a. í því, að stefnandi opnaði erlendar ábyrgðir fyrir Bústofn, sem stundaði m. a. innflutning og sölu innréttinga og húsgagna.

Vegna þessara viðskipta voru af hálfu stefnda, Jóns Einars, ýmist persónulega eða f. h. einkafirmans Bústofns gefin út tryggingarbréf til stefnanda á árunum 1984 og 1985 með veði í Hegranesi 35 og Haukanesi 22, Garðabæ. Bréfin voru einnig undirrituð af stefndu, Helgu Gudrun, sem þinglýstum eiganda Hegraness 35 og sem maka stefnda, Jóns Einars. Tryggingarbréfin voru ýmist gefin út til tryggingar skuldum stefnda, Jóns Einars, eða einkafirma hans, Bústofns. Bréfunum verður síðar lýst.

Árið 1985 stofnuðu stefndu ásamt öðrum hlutafélagið Norræna útflutningsfélagið-Norrex, sem stóð að útflutningi vikurs og gjalls. Var stefndi, Jón Einar, stjórnarformaður félagsins og stefnda, Helga Gudrun, í stjórn þess.

Stefnandi opnaði erlenda ábyrgð nr. 301–6324 fyrir hlutafélagið til Fællesbanken í Kaupmannahöfn 30. janúar 1987 fyrir láni, að fjárhæð USD 509.450. Sama dag og ábyrgðin var opnuð, gaf stefndi, Jón Einar, út f. h. Norrex hf. og afhenti stefnanda einritaðan vixil, að fjárhæð USD 509.450, en óútfylltan að öðru leyti. Á vixlinum var áletrunin „tryggingarvixilláb. no. 301–6324“. Á sama tíma undirritaði stefndi, Jón Einar, f. h. Norrex hf. ábyrgðartryggingu og umboð vegna vixilsins. Þar er stefnanda veitt umboð til að útfylla vixilformið með útgáfudegi og gjalddaga í samræmi við innlausnarkröfu stefnanda vegna hinnar erlendu ábyrgðar, ef til kæmi.

Sama dag og ábyrgðin var opnuð og tryggingarvixillinn gefinn út, undirrituðu bæði stefndu viðauka, sem stefnandi hafði látið vélrita á tryggingarbréfin, er gefin voru út á árunum 1984 og 1985. Samkvæmt viðaukum þessum skyldu tryggingarbréfin einnig vera til tryggingar öllum skuldum Norræna útflutningsfélagsins-Norrex hf. við stefnanda. Að öðru leyti skyldu öll ákvæði tryggingarbréfanna gilda óbreytt.

Undir viðaukana var eftirfarandi texti vélritaður af hálfu stefnanda:

„Reykjavík, 30. 1. '87, F. h. Norrex hf.“

Undir þennan texta skrifar stefndi, Jón Einar, og undir hans nafni stefnda, Helga Gudrun. Að auki skrifar stefndi, Jón Einar, undir alla viðaukana eigin hendi:

„Norrex h/f

J. E. Jakobsson“.

Meginágreiningur málsaðila snýst um það, hvort í undirritun stefndu undir viðaukana felist gild veðsetning. Stefndu halda því fram, að svo sé ekki, þar sem þau hafi einungis ritað undir viðaukana f. h. Norrex hf., en ekki sem þinglýstir eigendur viðkomandi eigna eða makar þinglýsts eiganda sérstaklega, eins og nauðsynlegt hefði verið, ef gild veðsetning ætti að verða.

Stefnandi telur á hinn bóginn, að í undirritun stefndu f. h. Norrex hf. hafi jafnframt falist samþykki stefndu til veðsetningar sem þinglýstra eigenda og maka.

Verður nú gerð nánari grein fyrir útgáfu og efni tryggingarbréfanna frá árunum 1984 og 1985 svo og áðurgreindum viðaukum.

12. 9. 1984 undirritaði stefndi, Jón Einar Jakobsson, f. h. Bústofns sem útgefanda og stefnda, Helga Gudrun Jakobsson, sem þinglýstur eigandi tryggingarbréf nr. 6326, sbr. dómskjal nr. 3. Samkvæmt tryggingarbréfinu gerði Bústofn kunnugt, að til tryggingar skaðlausri og skilvísri greiðslu á víxil-skuldbindingum þess við stefnanda, hvort sem það er höfuðstóll, vextir, dráttarvextir, kostnaður, þar með talinn innheimtukostnaður, hverju nafni sem nefnist, váttryggingargjald eða annað að engu undanskildu, svo og til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum hans við stefnanda, í hvaða formi sem er, þ. m. t. vegna rekstrarláns iðnaðar, sem Bústofn og/eða stefndi skuldar eða skulda kann, á hvaða tíma sem er, að höfuðstól allt að SDR 25.000 kr. (sérstök dráttarréttindi), auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, væri stefnanda veðsett með 7. veðrétti og uppfærslurétti öll fasteignin Hegranes 35, Garðabæ, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum og öllu öðru, sem eign þeirri fylgir og fylgja ber.

30. 1. 1987 var áritaður á tryggingarbréf þetta og undirritaður af stefndu f. h. Norrex hf. viðauki, þar sem fram kemur, að tryggingarbréf þetta sé einnig til tryggingar öllum skuldum Norræna útflutningsfélagsins-Norrex hf. við stefnanda. Að öðru leyti gildi öll ákvæði tryggingarbréfsins óbreytt.

12. 2. 1985 undirritaði stefndi, Jón Einar Jakobsson, sem útgefandi tryggingarbréf nr. 6344, sbr. dómskjal nr. 4. Samkvæmt tryggingarbréfinu gerði stefndi kunnugt, að til tryggingar skaðlausri og skilvísri greiðslu á víxil-skuldbindingum hans við stefnanda, hvort sem það er höfuðstóll, vextir, dráttarvextir, kostnaður, þar með talinn innheimtukostnaður, hverju nafni sem nefnist, váttryggingargjald eða annað að engu undanskildu, svo og til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum hans við stefnanda, í hvaða formi sem er, þ. m. t. ábyrgðum, sem stefndi skuldar eða skulda kann, á hvaða tíma sem er, að fjárhæð 1.000.000 kr., auk dráttarvaxta og alls kostnaðar, væri stefnanda veðsett með 2. veðrétti og uppfærslurétti öll fasteignin Haukanes 22, Garðabæ, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum og öllu öðru, sem eign þeirri fylgir og fylgja ber.

30. 1. 1987 var áritaður á tryggingarbréf þetta og undirritaður af stefndu f. h. Norrex hf. viðauki, þar sem fram kemur, að tryggingarbréf þetta sé einnig til tryggingar öllum skuldum Norræna útflutningsfélagsins – Norrex hf. við stefnanda. Að öðru leyti gildi öll ákvæði tryggingarbréfsins óbreytt.

12. 2. 1985 undirritaði stefndi, Jón Einar Jakobsson, sem útgefandi og stefnda, Helga Gudrun Jakobsson, sem þinglýstur eigandi tryggingarbréf nr. 6345, sbr. dómskjal nr. 5. Samkvæmt tryggingarbréfinu gerði stefndi kunnugt, að til tryggingar skaðlausri og skilvísri greiðslu á víxilskuldbindingum sínum við stefnanda, hvort sem það er höfuðstóll, vextir, dráttarvextir, kostnaður, þar með talinn innheimtukostnaður, hverju nafni sem nefnist, váttryggingargjald eða annað að engu undanskildu, svo og til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum sínum við stefnanda, í hvaða formi sem er, þ. m. t. ábyrgðum, sem stefndi skuldar eða skulda kann, á hvaða tíma sem er, að fjárhæð 3.000.000 kr., auk dráttarvaxta og alls kostnaðar væri stefnanda veðsett með 8. veðrétti og uppfærslurétti öll fasteignin Hegrænes 35, Garðabæ, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum og öllu öðru, sem eign þeirri fylgir og fylgja ber.

30. 1. 1987 var áritaður á tryggingarbréf þetta og undirritaður af stefndu f. h. Norrex hf. viðauki, þar sem fram kemur, að tryggingarbréf þetta sé einnig til tryggingar öllum skuldum Norræna útflutningsfélagsins-Norrex hf. við stefnanda. Að öðru leyti gildi öll ákvæði tryggingarbréfsins óbreytt.

1. 7. 1985 undirritaði stefndi, Jón Einar Jakobsson, sem útgefandi og f. h. Bústofns sem útgefanda og stefnda, Helga Gudrun Jakobsson, sem þinglýstur eigandi og maki tryggingarbréf nr. 6368, sbr. dómskjal nr. 6. Samkvæmt tryggingarbréfinu gerði stefndi persónulega og f. h. Bústofns kunnugt, að til tryggingar skaðlausri og skilvísri greiðslu á víxilskuldbindingum þeirra við stefnanda, hvort sem það er höfuðstóll, vextir, dráttarvextir, kostnaður, þar með talinn innheimtukostnaður, hverju nafni sem nefnist, váttryggingargjald eða annað að engu undanskildu, svo og til tryggingar öllum skuldum og skuldbindingum þeirra við stefnanda, í hvaða formi sem er, þ. m. t. ábyrgðum, sem stefndi og Bústofn skuldar eða skulda kann, á hvaða tíma sem er, að fjárhæð jafnvirði CAD 150.000,00 (kanadadóllarar), auk vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar væri stefnanda veðsett með 9. veðrétti og uppfærslurétti öll fasteignin Hegrænes 35, Garðabæ, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum og öllu öðru, sem eign þeirri fylgir og fylgja ber, og með 3. veðrétti og uppfærslurétti öll fasteignin Haukanes 22, Garðabæ, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum og öllu öðru, sem eign þeirri fylgir og fylgja ber.

30. 1. 1987 var áritaður á tryggingarbréf þetta og undirritaður af stefndu f. h. Norrex hf. viðauki, þar sem fram kemur, að tryggingarbréf þetta sé einnig til tryggingar öllum skuldum Norræna útflutningsfélagsins-Norrex hf. við stefnanda. Að öðru leyti gildi öll ákvæði tryggingarbréfsins óbreytt.

Viðaukum þessum var þinglýst athugasemdalaust 19. febrúar 1987.

Áðurgreind ábyrgð stefnanda á erlendu láni Norræna útflutningsfélagsins-Norrex hf. hefur samkvæmt gögnum málsins gengið til láns félagsins hjá Hafnia Erhvervsbank í Kaupmannahöfn, og er það ágreiningslaust.

22. febrúar 1991 fer stefndi, Jón Einar, þess á leit við stefnanda f. h. Norrex hf., að stefnandi samþykki breytingu á ábyrgð 301–6324, USD 509.450, á þann veg, að ábyrgðin taki nú til BNE Swedbank í Lúxemborg, sem tekið hafi að sér að veita lánið með sömu kjörum og áður, þ. e. 1% yfir Libor-vöxtum til tólf mánaða frá afhendingardegi fjárins með vaxtagreiðslu og „roll-over“ á sex mánaða fresti. Norrex hf. hafi talið hagkvæmast að leita annars lánveitanda vegna lánsins.

Í framhaldi þessa erindis Norrex hf. gaf stefnandi City-Bank fyrirmæli um að greiða Hafnia Erhvervsbank USD 533.047,44, en áður hafði stefnandi fengið afrit af kröfu Hafnia Erhvervsbank á Norrex hf., sem þá nam USD 533.047,44 (USD 509.450 + vextir USD 23.597,44).

25. febrúar 1991 stofnaði stefnandi ábyrgð hjá BNE Swedbank nr. 301–7071 til tryggingar skuld Norrex hf., að fjárhæð USD 509.450 ásamt vöxtum.

26. febrúar 1991 óskar stefnandi þess við BNE Swedbank, að USD 509.450 verði lagðir inn á reikning hjá City-Bank.

27. febrúar greiðir BNE Swedbank City-Bank USD 509.450. Stefnandi færir þessa greiðslu (USD 509.450 eða ÍSK 28.203.152,00) sem innborgun inn á ábyrgðarskuld Norrex hf. nr. 301–6324 („value“-dagur 27. 2. '91).

Eftir þessa bókun er skuld Norrex hf. samkvæmt ábyrgð 301–6324 1.347.398 kr. Hinn 13. 3. '91 bættust við skuldina vextir, að fjárhæð USD 4.619,74 (263.002 kr.). Eftir það er skuldin 1.610.400 kr.

Upplýsingar um framangreindar fjármunahreyfingar er að finna í yfirlýsingu Kjartans Páls Einarssonar, fyrrum yfirmanns erlendra ábyrgða hjá stefnanda, dskj. 22, sem staðfesti yfirlýsinguna fyrir dóminum. Þessar upplýsingar eru í samræmi við gögn, sem yfirlýsingunni fylgja.

Í yfirlýsingunni segir nefndur Kjartan Páll enn fremur, að það hafi að sjálfsögðu verið forsenda þessarar breytingar, sem bæði stefnandi og stefndi, Jón Einar, hafi gert sér grein fyrir og verið sammála um, að trygging vegna nýrrar ábyrgðar hjá BNE Swedbank væri hin sama og hjá Hafnia Erhvervsbank, þ. e., að tryggingarvígill, að fjárhæð USD 509.450, sem settur var til tryggingar skuld vegna ábyrgðar nr. 301–6324, stæði áfram til tryggingar hinni nýju ábyrgð, enda hafi hin nýja ábyrgð verið til komin í beinu og órjúfanlegu framhaldi af skuld Norrex hf. vegna láns hjá Hafnia Erhvervsbank, sem tryggt var með ábyrgð nr. 301–6324. Þótt skipt hafi verið um ábyrgðarbanka og ábyrgðarnúmer, sé um sömu skuld að ræða.

Þá segir í nefndri yfirlýsingu, að 26. febrúar hafi stefnandi þurft að inn-

leysa ábyrgð nr. 301–7071 með greiðslu til BNE Swedbank, að fjárhæð USD 551.094,88, auk kostnaðar og vaxta, samtals 32.737.644 kr. Þetta má ráða af fylgiskjali með dskj. 22 og sætir ekki ágreiningi.

Fram hafa verið lögð í málinu bréf stefnda, Jóns Einars, 8 (memo), til stefnanda, dagsett 6. maí 1991 og 10. janúar 1992, þar sem tíundaðar eru persónulegar skuldir stefnda við stefnanda og skuldir hlutafélaganna Bústofns hf. og Norrex hf. Þar eru og tíundaðar eignir stefnda. Gögn þessi eru til komin vegna viðræðna aðila um heildarlausn á skuldum félaganna við stefnanda og sýna ýmsar tillögur stefnda í þeim efnum. Þessar viðræður aðila leiddu ekki til samkomulags aðila um skuldaskil.

Með bréfi til stefnanda, dagsettu 25. júní 1992, tilkynnir stefndi, Jón Ein- ar, að sér hafi borist hagstætt tilboð í eign sína að Aðalstræti 9 í Reykjavík, sem hann hyggist fallast á. Skilyrði tilboðsins sé m. a., að hann leysi af eign- inni áhvílandi veð stefnanda. Til þess að geta staðið við samþykki á boðinu sé sér því nauðsyn að innleysa veðin. Í bréfinu býðst stefndi til að leysa inn þau veð, sem að réttum lögum kunni að hvíla á eignunum Aðalstræti 9, Reykjavík, og Hegrnesi 35 og Haukanesi 22, Garðabæ, og honum beri að greiða, allt gegn afhendingu á viðkomandi veðskjöllum og þeim skuldar- viðurkenningum, sem þau séu til tryggingar fyrir. Þá vísar stefndi til bréfs síns 10. janúar 1992, þar sem hann nefnir ýmsar leiðir til uppgjörs. Í bréfinu óskar stefndi eftir fundi um þetta með stefnanda.

Sama dag og bréf stefnda er ritað og það afhent stefnanda, er af hálfu stefnanda gripið til tveggja tryggingarvísilseyðublaða, sem stefnanda voru afhent á árunum 1985 og 1986, annars vegna ábyrgðar stefnanda nr. 101478, út gefinnar 21. 6. 1985 til Royal Bank of Canada vegna stefnda, Jóns Einars/ Bústofns, og Lava Marketing INC., Toronto, Kanada, sem var út gefið af Garðari Garðarssyni lögmanni og samþykkt af stefnda, Jóni Einari, og ábekt af stefndu, Helgu Gudrun, en var óútfyllt, að því er útgáfudag og gjalddaga varðaði, sbr. ábyrgðartryggingu og umboð, sem víxileyðublaðinu fylgdi, og hins vegna ábyrgðar stefnanda nr. 102452 út gefinnar til Royal Bank of Canada vegna stefnda, Jóns Einars, og Norrex hf., sem út gefið var af Garðari Garðarssyni lögmanni og samþykkt af stefnda, Jóni Einari, en var óútfyllt, að því er varðaði útgáfudag, gjalddaga og fjárhæð, sbr. á- byrgðartryggingu og umboð, sem víxileyðublaðinu fylgdi, en þar var stefn- anda heimiluð útfylling í samræmi við innlausnarkröfur stefnanda.

Stefnandi skráði útgáfudaginn 25. 6. 1992 á báða víxlana og skráði fjár- hæðina 32.737.644 kr. á síðartalda víxilinn, sömu fjárhæð og nam innlausn stefnanda á ábyrgð nr. 7071 hjá BNE Swedbank í Lúxemborg 26. febrúar 1992. Víxlarnir voru afsagðir sökum greiðslufalls 25. 6. 1992, og daginn eftir

var gert löghald fyrir víxlunum í eignum stefnda, Jóns Einars, að Aðalstræti 9 í Reykjavík og í fasteignunum Hegranesi 35 og Haukanesi 22, Garðabæ. Stefndandi höfðaði ekki staðfestingarmál vegna löghaldanna og hefur aflétt þeim af viðkomandi eignum. Samkvæmt bréfi lögmanns stefnanda til Garðars Garðarssonar lögmanns, dagsettu 14. júlí 1992, er viðurkennt, að útfylling víxla þessara hafi verið mistök, að því er hann varði, og er lögmaðurinn beðinn afsökunar á þeim óþægindum, sem hann kunni að hafa orðið fyrir.

Samkvæmt gögnum málsins voru ábyrgðir, sem þessir víxlar voru fyrir, greiddar á þessum tíma og því hlutverki víxilábyrgðanna lokið.

Með stefnu, dagsettri 1. júní 1993, höfðaði stefndandi mál á hendur Norræna útflutningsfélaginu til greiðslu á 28.666.751,50 kr. samkvæmt eigin víxli, að fjárhæð USD 509.450, út gefnum af stefnda, Jóni Einari, f. h. Norrex hf. til greiðslu við sýningu. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 28. febrúar 1994 var Norræna útflutningsfélagið hf. dæmt til að greiða stefnanda 28.666.751,50 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. gr. vaxtalaga frá 25. júní 1992 til greiðsludags og 286.000 kr. í málskostnað. Hér var um að ræða víxil þann, sem stefnanda var afhentur vegna opunar ábyrgðar 301–6324 30. janúar 1987.

Í máli þessu krefst stefndandi þess, að viðurkennt verði, að þeir veðréttir, sem hann krefst staðfestingar á, standi til tryggingar kröfu stefnanda á hendur Norræna útflutningsfélaginu hf. samkvæmt ofangreindum dómi.

Með bréfi, dagsettu 26. 9. 1995, krefst stefndi, Jón Einar, þess, að stefndandi afhendi sér víxla og tryggingarbréf, sem séu í vörslum bankans, þar sem viðskiptum við bankann sé nú lokið.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslur: stefndi, Jón Einar, Jakob Ármannsson, aðstoðarmaður bankastjóra stefnanda, nú látinn, Guðmundur Björnsson, fulltrúi sýslumannsins í Hafnarfirði, og María Jørgensen, deildarstjóri í lögfræðideild stefnanda. Þá er einnig í máli þessu stuðst við munnlegar skýrslur aðila og vitna í málinu nr. E-259/1995: Búnaðarbanki Íslands gegn Jóni Einari Jakobssyni, þar sem krafist er viðurkenningar veðréttar samkvæmt tryggingarbréfum í eignarhlutum stefnda í fasteigninni Aðalstræti 9, Reykjavík, til tryggingar sömu kröfu og í máli þessu. Við aðalmeðferð þess máls gáfu skýrslur: stefnda, Helga Gudrun, Kjartan Páll Einarsson, útibússtjóri hjá stefnanda, Þorvaldur Einarsson yfirlögfræðingur stefnanda, Fjóla Magnúsdóttir, fyrrverandi ritari í lögfræðideild stefnanda, og Sigurður Sveinsson, fyrrverandi borgarfógeti.

III.

Dómkröfur sínar reisir stefndandi á því, að hann hafi í höndum fullgild tryggingarbréf og að efni þeirra veiti sér veðrétt, sem sé í fullu samræmi við

dómkröfur sínar í máli þessu. Tryggingarbréfunum hafi verið þinglýst án at-
hugasemda, sbr. veðbókarvottorð úr veðmálabók sýslumannsins í Hafnar-
firði, dómskjöl nr. 8–9, sem sýni, að skráðir eru framangreindir veðréttir
stefnanda. Tryggingarbréfin veiti stefnanda veð í eignum, sem stefndu eiga.

Stefnandi eigi jafnframt framangreinda fjárkröfu á hendur Norræna út-
flutningsfélaginu hf. á grundvelli dóms, sbr. dskj. 7, sem sé ógreidd. Stefn-
anda sé því nauðsyn að fá veðrétt sinn staðfestan gagnvart stefndu, þing-
lýstum eigendum hinna veðsettu eigna, með aðfararhæfum dómi, svo að
stefnandi geti nýtt sér veðrétt sinn og fengið fullnustu kröfu sinnar af veð-
inu.

Stefnandi höfðar mál þetta á grundvelli almennra reglna kröfuréttar og
veðréttar, 39. gr. laga nr. 68/1984, 3. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 2. mgr. 98. gr.
laga nr. 90/1991. Kröfur um veð fyrir dráttarvöxtum eru m. a. byggðar á 10.
gr. laga nr. 25/1987, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989
og 129. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi höfðaði málið upphaflega enn fremur á grundvelli 17. kafla
laga nr. 91/1991, en undir rekstri málsins hefur hann fallið frá þeim máls-
grundvelli. Stefnandi mótmælir því á hinn bóginn, að stefndu komi að vörn-
um gagnvart dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 14. febrúar 1994.

Kröfu um dráttarvexti af höfuðstól reisir stefnandi á 10. gr. laga nr. 25/
1987, sbr. 2. mgr. 14. gr. s. l., sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989. Kröfu um máls-
kostnað styður stefnandi 130. gr. laga nr. 91/1991. Kröfu um dráttarvexti á
dæmdan málskostnað miðar stefnandi við 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991.
Kröfu um virðisaukaskatt byggir stefnandi á lögum nr. 50/1988, sbr. og
reglugerð nr. 562/1989. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur, og sé
honum því nauðsyn að fá dóm fyrir skatti þessum.

IV.

Helstu málsástæður og lagarök stefndu.

Sýknukröfur reisa stefndu einkum á eftirtöldum ástæðum:

1. Lögleg veðsetning hafi ekki stofnast í eignum stefndu með undirritun
f. h. Norrex hf.

Á því er byggt, að umræddir viðaukar hafi verið undirritaðir af stjórnar-
mönnum í Norræna útflutningsfélaginu hf. f. h. félagsins að beiðni stefn-
anda. Þess hafi ekki verið farið á leit að svo stöddu, að veðsetning yrði full-
komnuð með yfirlýsingu veðeigenda þar um. Hvergi sé getið persónulegrar
undirritunar, sem þó hefði verið einfalt mál, ef til þess hefði verið ætlast.
Viðaukar þessir skuldbindi því ekki stefndu sem veðsala, og skorti allar
yfirlýsingar veðeigenda um, að umræddar eignir þeirra séu til tryggingar
skuldum Norræna útflutningsfélagsins hf. Til þess að veðsamningur stofnist,

þurfi skýra og greinilega yfirlýsingu veðsala þar um samkvæmt eðli máls, meginreglum samningalaga, sbr. og m. a. 23. og 24. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Undirritun fyrir hönd hlutafélagsins sé ekki fullnægjandi og skuldbindi ekki eigendur veðsins.

Þá séu viðaukarnir samdir og ritaðir á tryggingarbréfin af lögfræðideild bankastofnunar, sem hafi sérfræðikunnáttu í lánastarfsemi og útgáfu veðskjala. Viðaukana beri því að skýra þröngt. Viðsemjendur ríkisbanka eigi að mega treysta því, að skrifleg ákvæði og skjöl frá hans hendi séu nákvæm og greinileg um þau atriði, er máli skipta og um er fjallað. Vafaatriði eigi að túlka viðsemjanda í hag.

Þá beri háttsemi stefnanda og viðbrögð hans síðar því og greinilega vitni, að skilningur hans hafi ætíð verið hinn sami og stefndu um, að veðin stæðu ekki til tryggingar skuldum Norræna útflutningsfélagsins hf. Það hafi fyrst verið í janúar 1995 og síðar í máli þessu, sem stefnandi hugðist reyna að koma ætlaðri skuld Norræna útflutningsfélagsins hf. í skjól tryggingarbréfsanna. T. d. hafi stefnandi ekki talið sig hafa ástæðu til að krefjast staðfestingar veðréttanna, þegar hann stefndi Norræna útflutningsfélaginu hf. í júní 1993, sem honum hefði þó verið í lófa lagið og eðlilegast í málinu, hefði hann talið sig eiga veðréttindin. Þá sé stefndu kunnugt um, að alllöngu eftir að viðaukarnir voru undirritaðir af hálfu Norræna útflutningsfélagsins hf., hafi ábyrgðadeild stefnanda óskað eftir því við lögfræðideild stefnanda, að hún sæi um að tryggja skuldir félagsins með veði samkvæmt tryggingarbréfunum.

Þá bendi löghaldsaðgerðir stefnanda árið 1992 ekki til þess, að stefnandi hafi talið sig eiga veð til tryggingar kröfum í viðkomandi eignum.

2. Jafnvel þótt talið verði, að lögleg veðsetning hafi stofnast í eignum stefndu með undirritun þeirra f. h. Norrex hf., sé víxillinn vegna ábyrgðar 6324 greiddur upp (dómkrafan á Norrex), og stefnandi hafi því farið út fyrir umboð sitt við útfyllingu víxilsins.

Stefnandi hafi viðurkennt, að nýtt lán hafi verið tekið hjá nýjum kröfuhafa, BNE-bankanum með nýrri ábyrgð, sem sé með nýju númeri, 7071, og þá hafi skuld, sem tryggt var með ábyrgð nr. 6324, verið greidd. Ágreiningslaust sé því, að ábyrgð nr. 6324 sé greidd. Umræddur tryggingarvixill, sem stefnt var út af í málinu í Héraðsdómi Reykjavíkur, hafi verið vegna ábyrgðar nr. 6324 og eingöngu náð til hennar og láns hjá Fællesbanken í Kaupmannahöfn. Umboð til útfyllingar þess víxils hafi eingöngu náð til ábyrgðar nr. 6324, og eftir að sú ábyrgð var greidd, hafi stefnandi verið óheimilt að fylla út víxilinn, sem þá hafi verið fallinn úr gildi. Norræna útflutningsfélaginu hafi ekki verið unnt að hafa þá vörn uppi í víxilmálinu á

sínum tíma, að víxillinn væri greiddur, vegna þess að málið hafi verið höfð- að samkvæmt 17. kafla eml. Stefndu komi hins vegar þeirri vörn að í þessu máli. Þar sem nú hafi verið sýnt fram á, að víxillinn var að fullu greiddur og þar með dómkrafan, þegar stefnt var í víxilmálinu, leiði það til þess, að hugsanlegur veðréttur hafi þá þegar verið fallinn niður.

Þá beri til þess að líta, að því er varði stefndu Gudrun, að hún tók engan þátt í samningum við stefnanda og vissi ekki um nýja samninga (eða fram- lengingar) við stefnanda um skuldir Norræna útflutningsfélagsins hf. Jafn- vel þótt svo yrði litið á, að hún hafi stofnað til veðs í þágu hlutafélagsins í húsi sínu með undirritun f. h. Norrex hf., sé ljóst, að samningur hennar nái eingöngu til skulda félagsins á þeim tíma (þ. e. 30. 1. 1987), en alls ekki til nýrra skulda. Orðalag nýrrar ábyrgðar, 7071, feli ekki í sér tilvísun til ábyrgðar nr. 6324, og orðalag umboðsins, sem veitt var stefnanda á sínum tíma, hafi ekki falið í sér neina tilvísun til annarrar ábyrgðar en 6324.

3. Í raun sé öll skuld á bak við veðréttina greidd og veðbréfin afturköll- uð.

Ágreiningslaust sé, að bréfin voru upphaflega gefin út til að tryggja nán- ar tilgreindar persónulegar skuldir stefnda, Jóns Einars. Engin krafa sé lengur á bak við tryggingarréttindin. Stefndandi hafi ekki sýnt fram á, að hann eigi lengur neinar kröfur á stefnda persónulega. Stefndi, Jón Einar, hafi sagt upp öllum viðskiptum við stefnanda og krafist afhendingar bréf- anna gegn greiðslu á því, sem að réttum lögum kunni að hvíla á eignunum. Nú sé allt greitt og veðréttindin því fallin niður. Því sé mótmælt, að stefn- andi hafi eignast veðrétt vegna annarra skulda en þeirra, sem stefndi, Jón Einar, bar persónulega ábyrgð á. Dómkröfu (vixilkröfu) á hendur Norræna útflutningsfélaginu hf. hafi verið mótmælt sem rangri og fullgreiddri, og stefndandi hafi ekki sýnt fram á í málinu, að hann eigi aðrar og réttmætar kröfur á hendur því félagi. Þá hafi veðin verið afturkölluð, og lögvarðir hagsmunir séu ekki á bak við kröfu stefnanda.

4. „Viðaukarnir“ séu ógildir af formsástæðum (t. d. engin hámarksfjárhæð, ekki endanlega ákveðið).

5. „Viðaukarnir“ á veðbréfunum gefi ekki annað og meira í skyn en orðalag þeirra beinlínis kveði á um, þ. e., að þeir nái ekki til annarra skulda Norrex hf. en þeirra, sem þá voru í gildi 30. 1. 1987 (ekki til væntanlegra skulda), en þær séu nú að fullu greiddar.

Varakröfur sínar reisa stefndu á eftirfarandi í aðalatriðum:

6. Viðaukarnir nái ekki til aukagreiðslna.

7. Viðaukarnir nái ekki til skuldbindinga vegna ábyrgða (sem eru ekki sérstaklega nefndar í viðaukunum og sums staðar jafnvel ekki í meginmáli bréfanna).

8. Gengisviðmiðun ákvarðist í íslenskum krónum á útgáfudegi viðaukanna 30. 1. 1987.

Viðaukarnir séu því breyting á meginmáli bréfanna um þau atriði, sem þeir taki til, og verði ekki túlkaðir á annan veg.

9. Að því er stefndu, Gudrun, varði beri til þess að líta, að hún hafi engan þátt átt í og ekki fylgst með viðskiptum Norrex hf. við stefnanda. Verði litið svo á, að hún hafi veitt veðleyfi, geti það aldrei náð til annarra skulda en þeirra, sem þá voru til, og alls ekki til nýrra lánsamninga eða ábyrgða.

Niðurstaða.

Á sama tíma og stefndu, Jón Einar Jakobsson, og eiginkona hans, Helga Gudrun Jakobsson, undirrita framangreinda viðauka við tryggingarbréf þau, er mál þetta varða, var stefnandi að opna háa erlenda ábyrgð fyrir Norræna útflutningsfélagið-Norrex hf., sem stefndu voru stjórnarmenn í. Sama dag er stefnanda af hálfu þess félags afhent tryggingarvísilseyðublað, út gefið af stefnda, Jóni Einari, f. h. félagsins, en án persónulegrar ábyrgðar hans eða annarra stjórnarmanna, að fjárhæð USD 509.450, óútfyllt, að því er varðar útgáfudag og gjalddaga, en með skriflegu umboði til stefnanda til útfyllingar, til tryggingar ábyrgð stefnanda á ábyrgð nr. 301-6324, út gefinni 30. 1. 1987 til Fællesbanken, Kaupmannahöfn, vegna láns, að fjárhæð USD 509.450.

Sýnt þykir þrátt fyrir andmæli stefndu, að tilgangur viðaukanna á tryggingarbréfin hafi verið sá að veita stefnanda tryggingu vegna hinnar erlendu ábyrgðar, sem stefnandi stofnaði sama dag, og að þetta hafi stefndu verið ljóst eða mátt vera ljóst.

Eins og atvikum er háttað í máli þessu, þykir undirritun stefndu á viðaukana fela í sér gilda yfirlýsingu um, að tryggingarbréfin skuli vera til tryggingar skuldum Norræna útflutningsfélagsins-Norrex hf. við stefnanda, enda þótt þau hafi ritað undir viðaukana f. h. félagsins. Um var að ræða gild loforð um veðsetningu, gefin af aðilum, sem höfðu heimild til að ráðstafa veði.

Þau sjónarmið stefndu, að viðaukana beri að skýra þröngt og viðsemjanda í hag, þar sem þeir séu samdir af lögfræðideild ríkisbanka, sem hafi sérfræðipekkingu á þessu sviði, og að viðsemjandi ríkisbanka megi treysta því, að skrifleg ákvæði og skjöl frá hans hendi séu nákvæm og greinileg um þau atriði, sem máli skipti, haggja ekki framangreindri niðurstöðu. Þótt stefnandi hafi ekki fyrr en í máli þessu reynt að nýta sér þá veðrétti, sem hann öðlaðist með viðaukunum, þykir ekki sýnt, að hann hafi talið, að engin veðsetning hafi farið fram.

Samkvæmt framanskráðu telst gild veðsetning hafa verið gerð í fasteignunum Hegranesi 35, Garðabæ, og Haukanesi 22, Garðabæ, er áður greindir viðaukar voru undirritaðir.

Eins og áður getur, opnaði stefnandi erlenda ábyrgð nr. 6324 fyrir Norræna útflutningsfélagið-Norrex hf. hjá Fællesbanken í Kaupmannahöfn, að fjárhæð USD 509.450, sama dag og viðaukarnir voru undirritaðir og stefnanda afhentur „tryggingarvixill“ vegna ábyrgðarinnar, út gefinn af félaginu.

Stefndi, Jón Einar, fór þess á leit við stefnanda með bréfi, dagsettu 22. febrúar 1991, að sú breyting yrði gerð á ábyrgð nr. 6324, að ábyrgðin tæki nú til BNE Swedbank í Lúxemborg, sem fallist hefði á að veita lán með sömu kjörum og félagið teldi hentugra að eiga viðskipti við. Stefnandi féllst á þessa beiðni, og í kjölfar þess var, eins og í málavöxtum getur, gengið frá láninu hjá danska bankanum, en ábyrgðin flutt yfir til bankans í Lúxemborg og henni gefið nýtt númer, 7071.

Með hliðsjón af þessum atvikum ber því að líta svo á, að gert hafi verið ráð fyrir því, að sami tryggingarvixill og gefinn var út vegna ábyrgðar 6324 væri framvegis til tryggingar ábyrgð 7071, sem kom í stað hinnar að beiðni félagsins.

Fyrir liggur dómur Héraðsdóms Reykjavíkur vegna umrædds víxils, þar sem Norræna útflutningsfélagið er dæmt til að greiða andvirði hans í íslenskum krónum auk dráttarvaxta og málskostnaðar. Stefndu hafa ekki sýnt fram á, að sú krafa sé greidd.

Þeim málásástæðum stefndu, að viðaukarnir séu ógildir af formsástæðum og að þeir nái ekki til annarra skulda Norræna útflutningsfélagsins en þeirra, sem fyrir voru 30. janúar 1987, er hafnað. Í viðaukunum kemur skýrt fram, að um þá gildi öll ákvæði tryggingarbréfanna óbreytt. Í undirritun veðeigenda fólst því, að öll ákvæði tryggingarbréfanna skyldu gilda um þær skuldir, sem viðaukunum var ætlað að tryggja.

Með sömu rökum ber að hafna varakröfum stefndu.

Samkvæmt því, sem að framan getur, ber því að staðfesta veðrétti stefnanda, Búnaðarbanka Íslands, samkvæmt fjórum tryggingarbréfum, út gefnum af stefnda, Jóni Einari Jakobssyni, 12. september 1984, þinglýsingarskjal nr. 11715/84, 12. febrúar 1985, þinglýsingarskjal nr. 3730/85, 12. febrúar 1985, þinglýsingarskjal nr. 3731/85, og 1. júlí 1985, þinglýsingarskjal nr. 8726/85, í fasteigninni Hegranesi 35, Garðabæ, að því er varðar tryggingarbréf með þinglýsingarnúmerum 11715/84, 3731/85, og 8726/85 og í fasteigninni Haukanesi 22, Garðabæ, að því er varðar tryggingarbréf með þinglýsingarnúmerum 3730/85 og 8726/85, fyrir kröfum stefnanda á hendur Norræna útflutningsfélaginu hf. samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðn-

um 28. febrúar 1994, að fjárhæð 28.666.751,50 kr., auk dráttarvaxta og málskostnaðar, 286.000 kr.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af máli þessu.

Aðalmeðferð máls þessa var 29. mars sl. Vegna embættisanna varð dómur eigi lagður á málið innan tilskilins tíma. Endurflutningi varð fyrst við komið 19. desember sl., en vegna jólaleyfis, veikinda og embættisanna varð enn dráttur á dómsuppsögu, og var málið því flutt að nýju 26. þessa mánaðar.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Staðfestir eru veðréttir stefnanda, Búnaðarbanka Íslands, samkvæmt fjórum tryggingarbréfum, út gefnum af stefnda, Jóni Einari Jakobssyni, 12. september 1984, þinglýsingarskjal nr. 11715/84, 12. febrúar 1985, þinglýsingarskjal nr. 3730/85, 12. febrúar 1985, þinglýsingarskjal nr. 3731/85, og 1. júlí 1985, þinglýsingarskjal nr. 8726/85, í fasteigninni Hegranesi 35, Garðabæ, að því er varðar tryggingarbréf með þinglýsingarnúmerum 11715/84, 3731/85 og 8726/85, og í fasteigninni Haukanesi 22, Garðabæ, að því er varðar tryggingarbréf með þinglýsingarnúmerum 3730/85 og 8726/85, fyrir kröfum stefnanda á hendur Norræna útflutningsfélaginu hf. samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 28. febrúar 1994, að fjárhæð 28.666.751,50 kr., auk dráttarvaxta og málskostnaðar, að fjárhæð 286.000 kr.

Málskostnaður fellur niður.
